

s3. mars 2020

Fundur stýrihóps um verkefnið *Nýsköpunarbærinn Ísafjörður*

Mætt eru: Lína Björg Tryggvadóttir, Díana Jóhannsdóttir, Þórir Guðmundsson, Birgir Gunnarsson og Heiða Huld Jack.

Ekki mætt: Hafdís Gunnarsdóttir.

Dagskrá:

1. Rammi og skipulag verkefnisins
 - a. Lína fer yfir ramma og skipulag verkefnisins eins og það var lagt fram í verkefnatillögum.
Umræður:
BG búið að ræða oft í bæjarráði að tengja betur hafnarsvæði og miðbæinn. DJ spyr um fjárhagsramma og skipulag. BG Ísafjarðarbær leggur til starfsmann til að sinna verkefninu. LBT tímalína verkefnisins er sett upp þannig að ef eigi að fara í hönnunarvinnu eða aðra vinnu tengda áframhaldi verkefnisins þá sé það ljóst fyrir vinnu við fjárhagsáætlunargerð 2022. BG Heiða Jack mun vera starfsmaður Ísafjarðarbæjar sem mun sinna þessu verkefni.
 - b. Skipan í vinnuhóp
Lögð fram tillaga Vestfjarðastofu um hugsanlega samsetningu vinnuhóps. Heiða Jack kæmi inn sem fulltrúa Ísafjarðarbæjar, BG ræðir við hafnarstjóra um að koma í vinnuhópin og jafnframt getur bærinn kallað eftir tilnefningu frá hverfisráðinu. ÞG væri hægt að auglýsa eftir aðilum sem myndi vilja koma að þessari vinnu? Samþykkt af stýrihóp að auglýsa jafnframt á heimasíðu Ísafjarðarbæjar og Vestfjarðastofu eftir tilnefningum í vinnuhóp vegna verkefnisins. LBT sendir drög af auglýsingu á Ísafjarðarbæ til birtingar. Ef ekki gengur að manna vinnuhóp með tilnefningum verður leitast annarra leiða.
2. Upplýsingar og gögn
 - a. HJ verkefnið Verndarsvæði í byggð gæti tengst þessu verkefni.
ÞG: hefur komið fram tillaga um hjólaleið í gegnum bæinn, gott hafa það til hliðsjónar.
3. Framtíðarsýn Ísafjarðarbæjar.
 - a. BG Stefnan í gildandi aðalskipulagi þarfnast uppfærslu.
Væntingar til verkefnisins, BG að efla miðbæinn á nútímalegan hátt og tengja betur saman miðbæ og hafnarsvæði. Þarf að huga að því hvernig við bætum umferð gangandi og hjólandi. Miðbærinn hefur verið spennandi og verðum að halda áfram að vera aðdráttarafl.
4. Aðgerðir – Vinnuframlag
 - a. Skipun vinnuhóps verði lokið fyrir lok mars 2021.
 - b. Gert ráð fyrir að kortlagning starfsemi á umræddu svæði og nýsköpun sé á könnu Ísafjarðarbæjar.
 - c. Ísafjarðarbær ætlar að skoða hversu mikið vinnuframlag er hægt að leggja í verkefnið og hvort þurfi að kaupa aukna þjónustu af Vestfjarðastofu.



Vestfjarðastofa

5. Önnur mál

- a. Lagt til að setja fasta fundartíma til að tryggja gott flæði verkefnisins. LBT sendir fundarboð fyrir næsta fund.

Ekki var fleira gert og fundi slitið 14:45